



## Bæjarráð Mosfellsbæjar

Þverholti 2

270 Mosfellsbæ

B.t. Regína Ástvaldsóttir bæjarstjóri og

Halla Karen Kristjánsdóttir formaður bæjarráðs

Dags; 31.08.2023.

### Varðar; Beiðni um úthlutun á lóð - Skarhólabraut 30

Stjórn Skógræktarfélags Mosfellsbæjar óskar eftir að félaginu verði veitt viljrði fyrir úthlutun lóðarinnar við Skarhólabraut 30 í Mosfellsbæ (Landnúmer: 229227 ).

Áform Skógræktarfélagsins er að byggja upp aðstöðu fyrir félagið á lóðinni og efla þá starfsemi sem félagið hefur sinnt um langan tíma. Eins að efla enn frekar upplýsingagjöf og fræðslu til almennings um gildi Skógræktar, bæta aðstöðu fyrir starfsemi félagsins sem og til móttöku gesta, hvort sem það er almenningur, sérstakir hópar innan sveitarfélagsins eða aðrir aðilar.

Undanfarin misseri hefur staðið yfir samtali milli forsvarsmanna Mosfellsbæjar og fulltrúa stjórnar skógræktarfélagsins um uppbyggingu á aðstöðu fyrir félagið, mögulega uppbyggingu á nýjum stað og hvaða aðstaða verður fyrir hendi. Farið hefur fram ítarleg vinna um mögulegt staðarval fyrir starfseminu í nánú samstarfi við fulltrúa sveitarfélagsins. Nokkrir staðir komu til greina og voru skoðaðir og hefur sú vinna leitt af sé val á staðsetningu við Skarhólabraut 30. Sú lóð var stofnuð í framhaldi af staðarvali og deiliskipulagsbreytingu samhliða deiliskipulagi fyrir vatnstank í hlíðum Úlfarsfells og á þeirri lóð er hægt að koma fyrir aðstöðu sem nýtast mun félaginu um langa framtíð.

Virðingarfyllst f.h. Skógræktarfélags Mosfellsbæjar

Björn Traustason formaður